

Fundur stjórnar HRFÍ þann 8.apríl 2021 kl. 18.00 á Teams

Mættir voru: Herdís Hallmarsdóttir, Auður Sif Sigurgeirdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna Guðjónsdóttir og Guðni B. Guðnason.

Guðný Isaksen, framkvæmdastjóri, sat fundinn.

Fundarritari: Svava Björk Ásgeirdóttir

Dagskrá:

1. Óendurskoðaður ársreikningur HRFÍ lagður fram til kynningar.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir ársreikningi og fer yfir hann.

2. Framboðsfundur frambjóðenda til stjórnar HRFÍ.

Á döfinni er framboðsfundur fyrir komandi kosningar til stjórnar HRFÍ. Að þessu sinni þarf að nýta tæknina og mun hann fara fram í gegnum Zoom fjarfundakerfið. Allir frambjóðendur undirbúa kynningu sem lögð verður fram á vef HRFÍ.

Framkvæmdastjóri hefur samband við frambjóðendur og ákveður tímasetningu í samráði við þá.

3. Erindi Cavalierdeildar HRFÍ.

Óskað var eftir leiðsögn stjórnar varðandi kosningu á ársfundi þar sem umboð voru notuð.

Tillaga stjórnar er sú að réttast væri að kjósa til tveggja ára í senn og kjósa til eins árs um þau sæti sem vafi leikur á að séu með lögmætt umboð.

Hægt er að bjóða upp á að fundarstjóri frá stjórn HRFÍ sitji fundinn. Guðbjörg Guðmundsdóttir býður sig fram til þess og Heiðar Sveinsson býðst til þess einnig.

Umræða skapaðist í kjölfarið um að setja inn ákvæði í lög HRFÍ að það megi ekki kjósa samkvæmt umboði.

Tillaga stjórnar er sú að ákvæði verði sett inn í reglugerð um ársfundi, að aðila úr stjórn HRFÍ verði boðið að sitja ársfundi deilda. Tillagan er samþykkt.

4. Krafa stjórnar um DNA rannsókn til sönnunar ætternis.

Farið var yfir málið í heild sinni og er það í ferli.

5. Erindi sem afgreidd voru á milli funda.

- **Afgreiðsla á beiðni félagsmanns um undanþágu á þörun tíkar á grundvelli aldurs**

Vísindanefnd fjallaði um beiðnina og var niðurstaða nefndarinnar sú að umhugsunarvert væri að opna á undanþágur á borð við þessa þar sem sambærilegum beiðnum hefði hingað til verið hafnað. Fáar rannsóknir væru til um áhrif þess að para tíkur í fyrsta sinn eftir 7 ára aldur en almennt er þekkt að fylgikvillar í fæðingu aukast í beinu hlutfalli við aukinn aldur. Reglurnar væru skýrar og sjö ár ættu að vera nægur tími til að para tík í fyrsta sinn. Beiðni um undanþágu var hafnað af hálfu vísindanefndar.

Stjórn HRFÍ ræddi málið og er sammála vísindanefnd um að varhugavert sé að opna á slíkar undanþágur þar sem þær hafa fordæmisgefandi gildi, slíkar beiðnir hafa ekki verið samþykktar hingað til. Ákveðið var að hafna beiðninni í ljósi umsagnar vísindanefndar sem og niðurstöðu hennar.

- **Vegna vorprófs DESÍ**

Stjórn leggur til að prófinu verði frestað á grundvelli tilmæla sóttvarnanefndar. Stjórn telur nauðsynlegt að HRFÍ fylgi þeim tilmælum sem eru í gangi hverju sinni hvað varðar sóttvarnir og samkomutakmarkanir vegna covid-19. Deildin getur sótt um leyfi eða umsögn sóttvarnarlæknis vilji hún reyna að fá undanþágu frá gildandi reglum.

Stjórn HRFÍ er sammála um að prófinu verði frestað um óákveðinn tíma.

Á hinn bóginn þarf að skoða að áætlað er að halda prófið utandyra alfarið og deildin hefur gert ítrekaða áætlun um hvernig best er hægt að halda veiðipróf, á sama tíma og að fara eftir tilmælum sóttvarnanefndar. Komið hafa fyrirspurnir, bæði frá formanni deildarinnar og þeim sem höfðu skráð sig í prófið, um hvort ekki mætti halda prófið sé ítrustu tilmælum fylgt.

Stjórn ákveður að senda póst á stjórn deildarinnar um að , þrátt fyrir að stjórn óski þess að prófið verði fært fram um helgi, muni hún ekki leggjast gegn prófinu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Ákveðið að senda póst á stjórn deildarinnar þess efnis og tíunda þar kröfur sem stjórn telur að þurfi að uppfylla.

6. Önnur mál.

- Erindi barst frá félagsmanni varðandi pokasjóð og styrkveitingar þar. Skoðað verður hvort hægt sé að sækja um í þeim sjóði og bauðst Anna Guðjónsdóttir til þess að kynna sér málið. Fyrirvarinn er stuttur en svona verkefnum þarf að fylgja gott utanumhald og eftirfylgni. Frábær ábending sem stjórn þakkar.
- Stjórn ræddi um það hvað við getum gert til að vekja meiri athygli á félaginu. Kostir þess að vera félagsmaður í félaginu. Guðný framkvæmdastjóri stingur upp á að

félagið reyni að sækja um styrki til þess að láta búa til sérstök buff sem félagsmönnum verði send. Mismunandi litir á buffum fyrir mismunandi hunda; *ég er í vinnu, ég vil fá frið, ég er í þjálfun* o.s.frv. Stjórn list vel á hugmyndina og Guðný fer í að skoða það frekar.

- Umræður um rafrænar kosningar. Varðandi rafrænar kosningar á aðalfundi er það ekki framkvæmanlegt og ekki hægt samkvæmt lögum félagsins. Það þarf að leggja til lagabreytingu á næsta aðalfundi og kjósa um hana.

Fundi slitið kl. 21:15